



Frá: rekstrarstjóra EVST
Til: framkvæmdastjóra
Varðar: Skemmdir og sjávarflóð á endurvinnslustöðinni í Ánanaustum


Reykjavíkurborg verður að verja lóðina, takk fyrir...

Meðfylgjandi eru myndir af skemmdum vegna ágangs sjávar á endurvinnslustöðinni í Ánanaustum.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Tryggvi Ólafsson


Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU bs.







IS 709269 EQ 670610





V / framvinda byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar

Eins og staðan er núna áætlað Ístak að afhenda stöðina 30. mars 2020. Framvinda á öllu verkinu er um 94% miðað við 1. mars 2020.

Óvíst er hversu mikil áhrif COVID-19 veikin mun hafa á framvindu verks en nú þegar er ljóst að sérfræðingar Aikan komast ekki til landsins í mars til að klára uppsetningu. Til að leysa þetta er gert ráð fyrir að Aikan muni setja upp stjórnubúnað í apríl með fjarvinnslubúnaði, með aðstoð starfsmanna Mannvits sem verða á staðnum.

Áfallinn kostnaður vegna byggingarinnar er sem hér segir:

Tímabil	Greiddur kostnaður
Áfallið fyrir júlí 2018	758,2
Júlí 2018	49,3
Ágúst 2018	52,5
September 2018	134,0
Október 2018	195,9
Nóvember 2018	203,7
Desember 2018	135,1
Janúar 2019	268,3
Febrúar 2019	209,9
Mars 2019	267,3
Apríl 2019	141,9
Maí 2019	309,9
Júní 2019	327,2
Júlí 2019	399,1
Ágúst 2019	244,2
September 2019	260,1
Október 2019	289,6
Nóvember 2019	182,9
Desember 2019	182,2
Janúar 2020	145,2
Febrúar 2020	176,5
Samtals	4.933

Heildar kostnaður við sjálfa verkframkvæmdina frá því skrifað var undir samning við verktaka í júlí 2018 skv. ofangreindu er nú kr. 4.174,8 mkr. Skv. framvinduskýrslu Mannvits dags. 20. mars 2020 er áætlað að heildarkostnaður verði 4.423 mkr. með vikið -1% - +3%. Bókfærð aukaverk frá upphafi eru samtals 97,4 mkr. og eru aðallega vegna ófyrirséðra atriða sem snúa að jarðvinnu. Kostnaður á þessu stigi er 94% af áætlun. Hafa ber í hug að nú á eftir að greiða um 30% af eftirstöðvum samnings við Aikan (EUR 531.000) og hefur íslenska krónan lækkað töluvert gagnvart Evru frá ármótum eða um

10,1%, gengisáhrif vegna greiðslu til Aikan eru um 8 mkr. vegna þessa. Nokkur óvissa er um lokauppgjör á magntölum. Kostnaðaráætlun gerir ekki ráð fyrir kostnaði vegna lagningu ljósleiðar sem er alfarið í höndum SORPU. Einnig er nokkur óvissa um uppgjör á kröfum verktaka vegna aukaverka.

Virðingarfyllt,

Helgi Þór Ingason
framkvæmdastjóri

DRÖG - DRÖG - DRÖG

v / stækkun móttökustöðvar – framvinda

Verktaki (ALEFLI ehf. sem valin var eftir útboð) hóf framkvæmdir þann 22.mái. Jarðvinnu er að mestu lokið, fyrir utan yfirborðsfrágang. Heildarframvinda verks í lok janúar var miðað við áætlaða stöðu og verkmagn 91%. Framkvæmdir hafa gengið vel en eru nokkuð á eftir áætlun. Húsinu var lokað í desember og afhent SORPU 31. janúar 2020. Búið er að greiða reikninga fyrir janúar og hluta af febrúar.

Magnaukningu vegna jarðvinnu er sem nemur um 10 mkr. og fyrirséð er að kostnaðarauki verði vegna magnaukningar í bendistáli uppá 2 milljónir kr. og vegna breytinga á innkeyrslu hurðum sem munu kosta 2,5 til 3,5 milljónir. Viðbót í malbikun uppá um 1,5 millj. kr. og stoðveggur sem var ekki inni í upphaflegum magntölum uppá um 2,5 millj. kr hefur einnig bæst við. Ekki eru fyrirsjáanleg frekari magnaukningar á öðrum magnliðum eða stórar breytingar á umfangi verks og gert er ráð fyrir að þekktar magnaukningar rúmist innan kostnaðaráætlunar . Heildarkostnaður verks er áætlaður um 390 milljónir króna án vsk en þar af eru um 10% ófyrirséður kostnaður (óvissa í áætlun -5 - +10%).

Útlagt vegna verkefnisins er sem hér segir:

Mánuður	Útgjöld, m. kr.
Frá áramótum til loka apríl 2019	29,2
Maí 2019	27,6
Júní 2019	44,2
Júlí 2019	51,1
Ágúst 2019	45,0
September 2019	59,2
Október 2019	43,6
Nóvember 2019	32,3
Desember 2019	25,6
Janúar 2020	28,8
Febrúar 2020*	5,8
Samtals	392,4

*Bráðabirgðatölur

Ofangreind áfallin útgjöld eru vegna hönnunar, útboðs, eftirlits, gatnagerðargjalda og framkvæmda við byggingu. Bókfærður kostnaður vegna þessa er 392,4 mkr. af ofangreindir áætlun. Gert er ráð fyrir að verkefnið endi í efri mörkum áætlunar eða í 430 mkr.

Virðingarfyllt,

Helgi Þór Ingason
framkvæmdastjóri

v / tækjabúnaður í móttökustöð – framvinda

Eins og fram kemur í greinargerð dagsett 2. september 2019 er áætlaður kostnaður við kaup og uppsetning á tækjum í móttökustöð áætlaður 791 mkr (vikmörk -5 - +10%) og innifalinn óvissa upp á 10%. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna tækjabúnaðar muni lenda í efri mörkum áætlunar sem eru um 833 mkr. (mat SORPU). Öll tæki hafa verið pöntuð og eru þau farin að berast til landsins. Búið er að bæta inn í áætlun gengisáhrifum vegna innkaupa á tækjabúnaði en gengi Evru hefur hækkað um 10% frá áramótum. Samið var við vélsmiðjuna Héðinn um uppsetningu tækjabúnaðar eftir útboð (tilboðsupphæð var 192,9 mkr., sjá minnisblað 2. júlí 2019). Staða tækjakaupa og uppsetningar er sem hér segir (miðað við 1. mars 2020).

Mánuður	Tækjakaup mkr.	Uppsetning mkr.	Annað** mkr.	Samtals mkr.
Febrúar – Maí 2019	0,4	0,4	30	30,8
Júní 2019	0	0	12,2	12,2
Júlí 2019	12,6	0	0	12,6
Ágúst 2019	0	0	8,9	8,9
September 2019	21,4	0,5	12,0	33,9
Október 2019	105,0	16,7	13,0	134,7
Nóvember 2019	5,7	31,1	10,0	46,8
*Desember 2019	49,9	1,5	8,2	59,6
Janúar 2020	12,9	28,1	0,1	41,1
Febrúar 2020	33,6	2,9	2,4	38,9
SAMTALS	241,5	81,2	96,8	419,5

* Inni í fyrri tölum vegna desember í fyrri framvindusamantekt (vegna bókhaldslegra reglna) voru færð inn erlend tækjakaup að upphæð 148 mkr sem eru í framleiðslu eða í flutningi fyrir uppgjörslok. Þau eru bakfærð 1. janúar 2020 og munu bókast inn eftir því sem tækin koma til landsins 2020.

** Aðstoð við umsjón, innkaup og pantanir, eftirfylgni, hönnun og ráðgjöf.

Gera má ráð fyrir að öll tæki verði komin til landsins í mars – apríl og uppsetningu ljúki í júní. Áætluð verklok eru í júní 2020.

Samskipti við verktaka við uppsetningu hafa því miður ekki gengið eins og skyldi, stöðug deilumál og aukakröfur sem ekki er búið að lenda. Ekki liggur fyrir hverjar kröfur verktaka er vegna seinkunar á tækjabúnaði og afhendingu teikninga.

Eins og sést í töflunni er bókfærður kostnaður í lok febrúar vegna verksins samtals 419,5 mkr eða 53% af áætlun.

Virðingarfyllt,

Helgi Þór Ingason
framkvæmdastjóri

Staðan á tímum COVID-19, stutt yfirlit yfir aðgerðir og viðbragðsáætlanir SORPU

Stjórnarfundur 23. mars 2020

- Neyðarstjórn SORPU vegna farsóttta hefur verið virkjuð og hélt fyrsta fund sinn 9. mars 2020. Neyðarstjórnin er skipuð framkvæmdastjóra, öryggisstjóra og formanni öryggisnefndar og fundar daglega með fjarfundabúnaði.
- Ákvarðanir og tilmæli neyðarstjórnar eru sendar út til starfsmanna í tölvupósti og á Facebook síðu starfsmanna daglega.
- Víðtæk áhættugreining um hættu af líffræðilegum og kemískum skaðvöldum var útvíkkuð til að meta áhættu vegna COVID-19. Áhættugreiningin hefur skilað mörgum aðgerðum sem innleiddar hafa verið í starfsemi SORPU.
- Allar starfsstöðvar hafa innleitt skipulag um aðskilnað starfsmanna og takmarkaðan samgang við aðrar starfsstöðvar til að varna krosssmiti. Notkun fjarfunda hefur að mestu komið í stað hefðbundinna funda.
- Enn sem komið er ekki vitað til að neinn starfsmaður SORPU hafi smitast af COVID-19 en nokkir starfsmenn eru í sóttkví, þeir sem hafa aðstöðu til þess vinna að heiman. Ekki hafa orðið truflanir á starfsemi á starfsstöðvum.
- SORPA starfar eftir áætlun Umhverfisstofnunar um meðhöndlun úrgangs og smithættu af úrgangi vegna heimsfaraldurs. Í gildi er neyðarstig samkvæmt skilgreiningu Almannavarna og eru mismunandi sviðsmyndir uppi gagnvart fyrirkomulagi sorpmeðhöndlunar eftir alvarleika neyðarstigs, sjá [Áætlun Umhverfisstofnunar um meðhöndlun úrgangs og smithættu af úrgangi vegna heimsfaraldurs](#)
 - Viðbrögð í sviðsmynd D í áætluninni er svohljóðandi: **Fjöldi manns í einangrun eða sóttkví í heimahúsum**
 - Viðbrögð við þessari sviðsmynd var uppfærð föstudaginn 20. mars og hljóðar svo nú: *Flokkun á heimilisúrgangi á móttökustöðvum á sýktum sóttvarnasvæðum hætt ef mögulegt er.*
 - Sviðsmynd E í áætluninni eru svohljóðandi: **Lokun eins eða fleiri svæða**
 - Viðbrögð við þessari sviðsmynd hljóðar svo: *Flutningi úrgangs frá lokuðu svæði hætt og allur úrgangur urðaður óflokkaður innan þess svæðis. Urðun fer fram á urðunarstað tilnefndum af Umhverfisstofnun í samráði við rekstraraðila urðunarstaða*
 - Komi til þess að urða þurfi allan úrgang óflokkaðan er urðunarstaðurinn í Álfsnesi með viðbragðsáætlun við því (ef sviðsmynd E raungerist eða vegna annara ástæðna, svo sem ef móttöku- og flokkunarstöð verður óstarfhæf vegna veikinda eða sóttkvíar starfsmanna).